



Jafnréttisstofa  
Borgum við Norðurslóð  
600 Akureyri

Hafnarfirði, xx október 2012  
Málsnr. 1108166

## Efni: Skýrsla um stöðu og þróun jafnréttismála hjá Hafnarfjarðarbæ

Hafnarfjarðarbæ hefur borist bréf frá Jafnréttisstofu, dags. 27. júlí 2012, þar sem óskað er eftir að fá afhenta skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála í öllum sveitarfélögum. Hér fyrir neðan eru svör við spurningum Jafnréttisstofu sem fram koma í bréfinu. Vakin er athygli á því að spurningum nr. 5-8 er svarað frá hverju sviði Hafnarfjarðarbæjar fyrir sig.

### 1. Er jafnréttisnefnd starfandi í sveitarfélaginu?

Bæjarráð Hafnarfjarðarbæjar gegnir hlutverki jafnréttisnefndar skv. jafnréttislögum.

### 2. Er starfandi jafnréttisfulltrúi í sveitarfélaginu?

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar fyrir árin 2012-2014 skulu sviðsstjórar hvers sviðs tilnefna sérstakan jafnréttisfulltrúa á sínu sviði og tilgreina ábyrgðar- og verksvið hans.

Jafnréttisfulltrúum ber að:

- vinna starfsáætlun gegn mismunun fyrir sitt svið og sjá til þess ásamt sviðsstjóra að hún sé sýnileg og virk í framkvæmd,
- fylgja eftir samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í fjárhagsáætlun hvers árs
- skila í lok árs greinargerð til bæjarráðs með upplýsingum um hvernig til tókst á árinu, helstu verkefni, hvað sé framundan og annað í samráði við starfsmannastjóra,
- sitja fundi í mannauðsteymi,
- ráðfæra sig eftir þörfum við bæjarráð.

### 3. Er sveitarfélagið með jafnréttisáætlun í samræmi við 1. mgr. 12. gr. jafnréttislaga?

Í gildi er jafnréttisstefna Hafnarfjarðarbæjar – stefna gegn mismunun – sem gildir til ársins 2014 en stefnan var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 1. febrúar 2012. Í stefnunni er kveðið á um að hvert svið skuli vinna starfsáætlun, sem gildir í tvö ár, gegn mismunun, samhliða starfs- og fjárhagsáætlun.

### 4. Hvert er hlutfall kvenna og karla í sérhverri nefnd á vegum sveitarfélagsins?

Bæjarráð: 3 karlar, 2 konur.

Menningar- og ferðamálanefnd: 2 konur, 1 karl.

Kjörstjórn vegna alþingis- og sveitarstjórnarkosninga: 2 konur, 1 karl.

Fjölskylduráð: 3 konur og 2 karlar

Barnaverndarnefnd: 3 konur og 2 karlar

Íþrótt- og tómstundanefnd: 3 konur

Umhverfis- og framkvæmdaráð: 3 karlar og 2 konur

Skipulags- og byggingarráð: 3 konur og 2 karlar

Fræðsluráð (skólanefnd): 3 konur og 2 karlar

### 5. Hvernig er unnið að kynjasamþættingu innan sveitarfélagsins?



### Stjórnsýslusvið

Jafnréttisáætlun sviðsins kveður á um markmið og leiðir í jafnréttismálum innan sviðsins.

Úr jafnréttisáætlun stjórnsýslusviðs:

**Meginmarkmið – Tryggja skal að allir starfsmenn njóti sömu starfsréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.**

Tryggja skal jafnt konum sem körlum sömu möguleika á störfum innan sviðsins

*Gera skal reglulegar viðhorfskannanir á meðal starfsmanna*

Stjórnendur hafi jafnréttismarkmið að leiðarljósi við ráðningar og undirbúning þeirra.

*Í starfsauglýsingum skulu karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um stöður.*

*Stjórnendur vinni samkvæmt verklagsreglum við ráðningar.*

Tryggja skal að allir njóti jafnréttis hvað varðar laun, starfsframa, gerð símenntunaráætlana, og töku orlofs.

*Árlega skal gerð launaúttekt á meðal starfsmanna*

Stuðla skal að betri vitund og skilningi um jafnréttismál á meðal starfsmanna.

*Standa skal að fræðslu um jafnréttismál.*

Auðvelda skal starfsmönnum að samræma störf sín og einkalíf.

*Sveigjanlegur vinnutími þar sem því verður við komið.*

Leggja skal áherslu á endurmenntun.

*Gerð verði úttekt á þeim fjármunum sem renna til endurmenntunar starfsmanna og verði þá einkum litið til skiptingar á milli kynja*

Hvers konar einelti og kynferðislegt áreiti verður ekki liðið

*Tryggja skal faglega meðhöndlun*

### Fjölskylduþjónusta (fjölskyldusvið)

Stefnumótun, markmið og leiðir Fjölskyldusviðs fer fram í gegnum jafnréttisáætlun sviðsins. Þar koma fram markmið allra þjónustueininga fjölskyldusviðs þ.e. Íþróttir og tómstundir, Æskulýðsmál, Fjölskylduþjónustan og Starfsstöðvar Fjölskylduþjónustunnar í málefnum fatlaðs fólks. Hver þjónustueining er með markmið og leiðir fyrir þjónustunotendur og starfsfólk. Markmið og leiðir miða m.a. að því að tryggja jafnan hlut beggja kynja. Ný Jafnréttisáætlun Fjölskyldusviðs var unnin 2012. Unnið er jafnt og þétt að þeim markmiðum sem koma fram í þeirri jafnréttisáætlun.

### Fræðsluþjónusta (fræðslusvið)

Stefnumótun fræðsluþjónustunnar fer að mestu fram í gegnum árlega áætlanagerð, t.d. starfsáætlun, fjárhagsáætlun, símenntunaráætlun o.fl. Jafnréttisverkefni hafa verið hluti verkefna (framkvæmdaáætlun) innan starfsáætlunar og eru alltaf nokkur árlega. Hvað kynjasambættingu áhrærir í þeim verkefnum hefur slíkt verið í undirbúningi sem hluti starfsáætlunar árið 2012 að undirbúa og hefja fyrstu skref í kynjaðri fjárhagsáætlanagerð sem eitt verkefni í kynjasambættingu. Önnur verkefni í kynjasambættingu eru í skoðun.

Pólitísk stefnumótun fer að mestu fram í gegnum skólafestun Hafnarfjarðar (nú frá árinu 2009) þar sem jafnréttismál, lýðræði og mannréttindum er helgaður einn kafli skólafestunnar (kafli 1.13). Þar er fyrst og fremst lögð áhersla á mikilvægi jafnréttisfræðslu í skólum og starfshátta sem virða jafna stöðu og réttindi beggja kynja.



## HAFNARFJÖRÐUR

### 6. Hefur sértækum aðgerðum, sbr. 7. tl. 1. gr. og 2. mgr. 24. gr., verið beitt til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í sveitarfélaginu. Ef svo er, hver er reynslan af slíkum sértækum aðgerðum?

#### Stjórnsýslusvið

Sértækum aðgerðum hefur einkum verið beitt í tengslum við reglulega launaendurskoðun starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar.

#### Fjölskyldusvið

Tölulegar upplýsingar sumar flokkaðar eftir kyni, eru teknar saman v. ársskýrslu Fjölskylduþjónustu og gefa þær ákveðna mynd sem nýttar eru áfram til að fylgjast með þróun mála.

#### Umhverfis- og framkvæmdasvið

Aðstaða fyrir karla og konur er sambærileg hér í húsinu (talandi um td búningklefa) og vinnuumhverfi sambærilegt. Gallinn er þó sá að mikill munur er á fjölda karla og kvenna í húsinu ( ekki hefur heldur verið ráðið hér inn síðan vel fyrir hrun þannig að ekki er hægt að tala um að ýtt hafi verið við konum í ráðningarferlum. Varðandi verkefni sviðsins þá eru þau jafnt fyrir bæði kynin – eða til að rétta af mismun eftir kynjum.

#### Fræðslusvið

Fræðsluþjónustan hefur markvisst síðustu ár greint upplýsingar um starfsemi á fræðslusviði eftir kynjum. Það á við um notkun á þjónustu sem tilheyrir fræðslumálum, sem ýmist er bundin í lög (allir fá fræðslu og stuðning til náms eftir þörfum) eða valkvæð (t.d. kaup á hádegismat í grunnskóla, stuðningur náms- og starfsráðgjafa). Í meginatriðum er staðan sú innan fræðsluþjónustunnar að þegar um valkvæða þjónustu er að ræða að kynin nýti sér hana nokkuð jafnt (t.d. þjónustu náms- og starfsráðgjafa). Sé þjónustuna um nám vegna sérþarfa eða sérstuðnings virðist vera sem svo að á móti hverri stúlku sem fær þjónustu fái tveir drengir þjónustu, þ.e. drengir „sýna fram á meiri þörf“ fyrir námsstuðning en stúlkur séð með tilliti til kerfisheildarinnar. Hér hefur ekki verið ákveðið að beita sértækum aðgerðum þar sem við höfum ekki komist að því að námsþarfirnar hafi verið ranglega skilgreindar, þ.e. drengir virðist hafa meiri „þörf“ fyrir þjónustu en stúlkur varðandi námið. Það er í skoðun hvort nauðsyn sé á sérstökum aðgerðum í þessu samhengi.

Þá vitum við einnig að starfsfólk í leikskólum bæjarins er yfir 95% konur og í grunnskólum yfir 80% konur. Við auglýsingar á nýjum störfum er reynt að höfða til karlmanna í að sækja um störf innan fræðsluþjónustunnar en enn sem komið er hefur slíkt ekki leitt til teljandi breytinga til fjölgunar karla til starfa innan fræðsluþjónustunnar.

### 7. Stutt mat á stöðu verkefna sem tilgreind eru í jafnréttisáætlun og framkvæmdaáætlun.

**Stjórnsýslusvið** Verkefni í vinnslu í samræmi við jafnréttisáætlun. Launakönnun fyrir alla starfsmenn bæjarins verður unnin í nóvember næstkomandi. Sérstök áhersla er á kynjaða fjárhagsáætlanagerð.

**Fjölskyldusvið** Verkefni í áætlun eru í vinnslu og mis vel á veg komin.

**Umhverfis- og framkvæmdasvið** Vinna er langt komin við framkvæmdaáætlun sviðsins



## HAFNARFJÖRÐUR

**Skipulags- og byggingarsvið** Vinna er hafin við framkvæmdaáætlun

**Fræðslusvið** Á hverju ári er unnið að ýmsum jafnréttisverkefnum sem hluti jafnréttisstefnu bæjarins og starfsáætlunar innan fræðsluþjónustu. Þau verkefni sem lagt hefur verið upp hafa flest gengið eftir og önnur eru á áætlun. Þar hefur sérstök áhersla verið á margvíslega fræðslu í skólakerfinu. Þannig hefur á síðustu árum verið mikil fræðsla gegn kynbundnu ofbeldi (sérstaklega kynferðislegu ofbeldi gegn börnum) með markvissri fræðslu. Í tengslum við nýja Aðalnámskrá leikskóla (2011) og Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er þá í mótun þessi misserin fræðsla til starfsfólks og stefnumótun um fræðslu og starfshætti í skólum varðandi jafnrétti sem einn lið í grunnþáttum menntunar í aðalnámskránum. Skólaárið 2012-2013 verður sérstakt fræðsluáttak um viðfangsefnið í gangi í leik- og grunnskólum um jafnrétti og samhengi þess við skólastarf. Að lokum verður krafan sú að stefna skóla, starfshættir og fræðsla um jafnréttismál verði sýnilegt viðfangsefni í skólanámskrá hvers leik- og grunnskóla bæjarins árið 2014 þar sem sjá megi tíu ára samhengi í fræðslunni innan grunnskólans.

**8. Önnur atriði varðandi stöðu og þróun jafnréttismála sem sveitarfélagið telur að þurfi að gera grein fyrir eða vill koma á framfæri.**

**Fjölskyldusvið**

Ýmsar leiðir eru farnar til að jafna hlut annarra hópa en hlut karla og kvenna. Nefna má dæmi um efnaða og efna minni, fatlaða og ófatlaða o.s.frv.

**Skipulags- og byggingarsvið**

Þessari spurningu er svarað út frá stöðu skipulags- og byggingarsviðs. Þeir sem eru „stjórar“ á sviðinu eru báðir karlmenn. Ekki verður vart við sérstakan áhuga á jafnréttismálum innan sviðsins og áhugavert væri að skoða launasamsetningu karla og kvenna.

F.h. jafnréttisfulltrúa sviða,

\_\_\_\_\_  
Anna Jörgensdóttir,  
jafnréttisfulltrúi stjórnsýslusviðs